

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 1. apríl 2022
UST202203-067/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Írafoss- og Ljósafossvirkjanir - Sogið. Umsögn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. dags. 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Hér er verið að festa í sessi núverandi mannvirki auk þess sem gert er ráð fyrir endurbótum á tengivirki auk nýs stöðvarhúss fyrir vetnisstöð.

Hér er um að ræða endurbætur og viðbót við mannvirki á skilgreindu orkuvinnslusvæði. Að áliti Umhverfisstofnunar ætti að leggja mikla áherslu á að nýjar byggingar falli sem best að þeim mannvirkjum sem fyrir eru. Toppstöðin við Elliðaár er í þessu sambandi víti til varnaðar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur